



Foreldrahlutverkið

Uppeldi er ábyrgðastarf þar sem foreldrar eru við stjórnvölinn.

Börn herma eftir hegðun annarra, hvort sem ætlast er til þess eða ekki. Æskileg og óæskileg hegðun lærist á sama hátt.

„Grípið börn góð“ og hrósið fyrir æskilega eða hlutlausa hegðun. Varist að umbuna fyrir óæskilega hegðun.

Notið skýrt orðalag þegar þið hrósið barninu svo það viti fyrir hvað var hrósað.

Hrósi má aldrei fylgja ávítur eða gagnrýni. Það gefur barni tvöföld skilaboð.

Öll athygli getur virkað sem umbun, líka skammir. Auknar líkur eru á að barn endurtaki hegðun sem fær athygli.

Það er mikilvægt að foreldrar séu sammála um uppeldisaðferðir svo barn fái ekki misvísandi skilaboð um hvað má og hvað ekki.

Börn þurfa ást, gott fordæmi og aga.

Agi veitir börnum öryggiskennd. Þau finna að borin sé umhyggja fyrir þeim.

Börn sem búa við aga læra sjálfsaga.

Reglur þurfa að vera sanngjarnar og raunhæfar. Hafið fáar en skýrar reglur.

Dragið mörk af sanngirni og ástúð.

Haldið ykkur við gefin loforð. Gefið barni ekki loforð sem þið getið ekki staðið við.

Mikilvægt er að væntingar til barns séu sanngjarnar, raunhæfar og í samræmi við þroska þess og getu

